

## Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA 16. október 2017

Fundurinn hófst kl. 12.30 á Egilsstöðum, í húsnæði Austurbrúar að Vonarlandi, Tjarnarbraut 39e.

Boðið var upp á léttan hádegisverð í upphafi fundarins.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Margrét Guðjónsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir, Jens Garðar Helgason og Sigrún Blöndal.

Fundur var settur 12.40. Sigrún Blöndal stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 1. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerð 299. fundar Eyþings. *Lögð fram til kynningar.*
- 1.3. Boð á aðalfund HAUST. *Stjórn SSA mun ekki senda fulltrúa á aðalfund HAUST 2017.*
- 1.4. Boð á Umhverfisþing 2017. *Lagt fram til kynningar.*
- 1.5. Erindi frá NAUST varðandi plastnotkun. *Stjórn SSA tekur undir með stjórn NAUST og hvetur sveitarfélög og íbúa til að draga úr plastnotkun.*

### 2. Sóknaráætlun

- 2.1. **Fagráð og úthlutunarnefnd; skipun fulltrúa; kynning á tilnefningum stofnana og samtaka.** *Formaður fór yfir þær tilnefningar /ábendingar sem borist hafa um fulltrúa í fagráð. Stjórn felur framkvæmdaráði að ganga endanlega frá skipun fagráða og úthlutunarnefndar.*
- 2.2. **Bréf frá formanni úthlutunarnefndar og verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs.** *Stjórn SSA þakkar formanni úthlutunarnefndar og verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs fyrir greinargóða yfirferð. Stjórnin felur þeim að ganga frá úthlutunarreglum og matsblaði í samræmi við athugasemdir sem bárust frá síðustu fagráðum og úthlutunarnefnd. Jafnframt felur stjórn formanni að ræða um áherslur í úthlutunarreglum (sbr. 3. liður í bréfi) í samræmi við umræður á fundinum.*
- 2.3. **Viðaukasamningar við menningarmiðstöðvar.** *Samningar vegna viðbótarframlags til menningarmiðstöðva lagðir fram til kynningar. Formanni er falið að undirrita samningana fh. SSA.*
- 2.4. **Samráðsfundur Stýrihóps Stjórnarráðsins og landshlutasamtaka um framkvæmd sóknaráætlunar** (tímasetning og fyrirkomulag). *Áætlað er að árlegur samráðsfundur vegna sóknaráætlunar verði haldinn á Egilsstöum 31. október nk. Stjórn SSA mætir á fundinn ásamt starfsmönnum Austurbrúar sem vinna að framkvæmd samningsins.*
- 2.5. **Greinargerð um framkvæmd Sóknaráætlunar 2016.** *Lögð fram til kynningar.*
- 2.6. **Áhersluverkefni.** *Stjórn SSA samþykkir að fela formanni að ræða við framkvæmdastjóra Austurbrúar um tillögu að áhersluverkefni sem felist í könnun á fjarnámsþörf á háskólastigi á Austurlandi. Í þetta verkefni verði varið 1,5 milljón og 4 milljónum verði bætt í Uppbyggingarsjóð til úthlutunar. Þetta verði lagt fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins til samþykkis.*



### 3. Svæðisskipulag Austurlands

**3.1. Verkefnisstjóri svæðisskipulags,** Skarphéðinn Smári Þórhallsson kom inn á fundinn og kynnti stöðu verkefnisins. Vinnu við Svæðisskipulag Austurlands miðar vel; Fjórir starfshópar eru starfandi undir heitunum Markaðssetning Austurlands, Búseta og lífsgæði, Þekkingarsamfélag og nýsköpun, Atvinna og auðlindir. Tvö ný verkefni eru komin inn í vinnu við svæðisskipulagið; Loftslagsáætlun Austurlands og ljósleiðaraáætlun Austurlands. Vinna við svæðisskipulagstillögu og umhverfismat mun hefjast í byrjun árs 2018. Stjórn SSA leggur áherslu á að verkefnið sem nú kallast Markaðssetning Austurlands beri heitið Áfangastaðurinn Austurland eins og ákveðið var í upphafi.

**3.2. Samningur við verkefnisstjóra.** Formaður kynnti endurnýjaðan samning við Skarphéðinn Smára Þórhallsson verkefnisstjóra Svæðisskipulags sem stjórn samþykkti á fundi í júní að framlengja til árs. Formanni falið að ganga frá samningnum.

### 4. Starfsemi SSA og verkefni

**4.1. Starfsmannamál og rekstur SSA.** Formaður greindi frá samræðum við framkvæmdastjóra Austurbrúar vegna stöðu verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála. Formanni falið að vinna málið áfram og ræða við framkvæmdastjóra Austurbrúar um

**4.2. Skipun í millipinganevnd um starfsemi SSA.** Rætt um starf millipinganevndar sem samþykkt var á aðalfundi SSA 29. – 30. september sl. að skipa. Stjórn samþykkir að taka málið fyrir á næsta stjórnarfundum.

**4.3. Samningur við Austurbrú um rekstur SSA.** Formaður greindi frá samræðum við framkvæmdastjóra Austurbrúar varðandi nýjan þjónustusamning við Austurbrú.

**4.4. Lífeyrisskuldbindingu vegna Skipulagsstofu Austurlands.** Formaður kynnti stöðu málsins en fjármálastjórar Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs hafa unnið í málinu með formanni.

**4.5. SvAust; Staða mála.** Formanni falið að vinna í starfshópnum með bæjarstjórum Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs.

**4.6. Brotthættar byggðir;** Beiðni um fulltrúa í verkefnisstjórn vegna Borgarfjarðar eystri/Breiðdalshrepps. Stjórn SSA samþykkir að formaður SSA verði í fulltrúi í verkefnisstjórnnum Brothættra byggða vegna Borgarfjarðar eystri og Breiðdalshrepps.

**4.7. Skýrsla formanns frá fundum landshlutasamtaka** (staða samninga um almenningsamgöngur).

### 5. Önnur mál.

**5. 1. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða; nýjar reglur.** Lagt fram til kynningar.

**5.2. Nýtt fyrirkomulag upplýsingamiðstöðva.** Lagt fram til kynningar.

**5.3. Úthlutun byggðastyrkja vegna verkefnisins „Ísland ljóstengt“.** Stjórnarmenn hvetja sveitarstjórnarmenn til að ræða málið við frambjóðendur í aðdraganda alþingiskosninga.



**5.4. Fundargerðir SSA / Austurbrúar.** Stjórn SSA óskar eftir því að fundargerðir stjórnar Austurbrúar verði sendar til kynningar í stjórn SSA. Sömuleiðis verði fundargerðir SSA lagðar fyrir stjórn Austurbrúar til kynningar.

**5.5. Fundadagatal stjórnar.** Stjórn SSA mun funda 2. mánudag hvers mánaðar. Formaður sendir dagsetningar til stjórnarmanna. Næsti fundur stjórnar verður 13. nóvember á Reyðarfirði.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 15.30.

\_\_\_\_\_  
Andrés Skúlason

\_\_\_\_\_  
Eyðís Ásbjörnsdóttir

\_\_\_\_\_  
Hákon Hansson

\_\_\_\_\_  
Jens Garðar Helgason

\_\_\_\_\_  
Margrét Guðjónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Stefán Grímur Rafnsson



1966-2016